

# Professional Medium Sprutspackel

## Medium sprautuspartl

### Efnislýsing

Professional Medium/LS 104 Sprutspackel er fyllandi alhliða léttspartl, hentugt til sprautunar jafnt í nýbyggingum sem eldra húsnæði. Notast við hverskonar spörtlun á byggingaplötum og steiptum flötum, ópússuðum sem þússuðum. Spartlið má einnig nota á veggfóðurssamskeyti og mattslípaða málaða fleti í þurrum rýmum innanhúss.

Vegna sérstakrar efnasamsetningar er Professional Medium/LS 104 Sprutspackel hentugt við lagningu borða í veggjasamskeyti samkvæmt stöðlum HusAMA 11.



### Meðhöndlun

Undirlag skal vera hreint og þurrt og vel bundið án lauss yfirborðslags. Professional Medium/LS 104 Sprutspackel er ætlað til sprautunar.

Við þússun er mælt með notkun rykgríma og verndun augna. Spartlið ekki ef hitastig er undir +5 °C.

### Heilsufars- og umhverfismál

Við þússun eða þegar spartlið er fjarlæggt með hita geta myndast agnir og gufur sem eru skaðlegar heilsunni. Ávallt skal spartla í vel loftræstu rými og nota grímur fyrir öndunarfæri ef loftræsting er ónóg. Sjá einnig upplýsingar á öryggisblaði. Ekki láta spartlasekkinn standa opinn meðan á verki stendur. Þrífið verkfæri strax eftir notkun. Ekki hella spartleifum eða hreinsivökva í niðurföll. Skilið efnaleifum og tómum umbúðum til endurvinnslustöðva.



### Tæknilegar upplýsingar

**Til notkunar:** Innanhúss

**Bindiefni:** Latexþeytulausn

**Kornastærð:** Mest 0,16 mm

**Þéttleiki:** 1,0

**Þurrktími:** Við 23°C/50% raka, 4 klst. en veltur mjög á þykkt spartls

**Mesta þykkt:** U.þ.b. 5 mm

**Lágmarkshiti við spörtlun:** +5°C

**Rakastig:** 40-80%, kjörrakastig 65%

**Þynning:** Vatn

**Verkfæri:** Sprautur

**Pakkningar:** 14 lítra sekkir

**Efnið í notkun:** Auðvelt að slípa

**Litur:** Gráleitur

**Geymsla:** Í frostfríu rými

**Ásetningarbúnaður:** Wagner 940/960, El-Myggan, Graco Mark X

**Ráðlagðir stútar:** Útfelling 329-429.

Splæsing 229

Í samræmi við kröfur um CE-merkingar samkvæmt tilskipun EN 13963 og EN 15824

#### Umhverfi

Efnið uppfyllir staðla Svansins, sem er umhverfismerki Norrænu ráðherra-nefndarinnar. Sjá nánari upplýsingar á [www.nordic-ecolabel.org](http://www.nordic-ecolabel.org)